

Upplifun aðstandanda eftir andlát

Ásdís Elvarsdóttir

Elvar Þór Valdimarsson



- Fæddur 17. mars 1941
- Lést í lok ágúst 2011
- Einhleypur með tvö uppkomin börn
- Bjó í húsnæði á vegum Kópavogsbæjar
- Átti lítinn bíl með Lýsingu

Fyrstu skrefin – gengið á milli



- Sækja dánarvottorð
- Heimsækja sýslumann
- Fara í banka
- Sækja skattframtal
- Segja upp áskriftum
- “Reyna að” segja upp tryggingum
- Tryggingastofnun

kt. 170341-7169

Kópavogi, 20. september 2011

Efni : Upplýsingar í tengslum við andlát

Í kjölfar þess að Elvar Þór Valdimarsson lést þann 29.08.2011 sl. er aðstandendum/dánarbúi sent þetta bréf til upplýsinga um stöðu dánarbúsins hjá Tryggingastofnun.

1. Greiðslur eftir andlát

Réttur til lífeyris hjá Tryggingastofnun fellur niður frá og með næstu mánaðarmótum eftir andlát. Þar sem Tryggingastofnun greiðir mánuðinn fyrirfram og ekki bærust upplýsingar um andlátið í tæka tíð er september mánuður ofgreiddur að fjárhæð 22.707 kr.¹

2. Bráðabirgðauppgjör

Aðstandendum er bent á að Tryggingastofnun mun endurreikna tekjutengd réttindi (bætur og/eða þátttöku í dvalarkostnaði ef við á) þegar framtal 2012 (vegna ársins 2011) liggur fyrir.² Til að fá raunhæfa mynd af endanlegri niðurstöðu er mælt með að óska eftir bráðabirgðauppgjöri en til þess þarf að skila inn gögnum um allar tekjur. Bent er á að ekki er um endanlegt uppgjör að ræða.

Dæmi um gögn sem þarf að skila eru:

- Upplýsingar um fjármagnstekjur, t.d yfirlit frá fjármálastofnunum
- Upplýsingar um laun, lífeyrissjóð eða aðrar tekjur síðastliðna þrjá mánuði
- Afrit af skattframtali 2012 (vegna ársins 2011)

Meðfylgjandi er yfirlit um kröfur Tryggingastofnunar á hendur dánarbúinu, sem þarf að endurgreiða, ásamt upplýsingum um endurgreiðsluleiðir.

Vakin er athylgi á að dánarbú tekur við öllum fjárhagslegum skuldbindingum þess látna.³

Ef þú hefur athugasemdir eða óskar nánari upplýsinga er þér velkomið að hafa samband við starfsfólk Tryggingaumboðs í síma 560 3000, næsta umboðsmann eða á netfangið tr@tr.is

Virðingarfyllst,

Tryggingastofnun



Dánarbú v/Elvar Þór Valdimarsson
b/t Ásdís Elvarsdóttir
Álfhólsvegur 125
200 Kópavogur

kt. 170341-7169

Reykjavík, 21. október 2011

Innheimta ofgreiddra bóta - ítrekun

Samkvæmt gögnum Tryggingastofnunar eru eftirstöðvar krafna í innheimtu dánarbúsins 22.707 kr. Hafi skuldin þegar verið greidd eða samið um endurgreiðslu er beðist velvirðingar á þessu bréfi.

Vinsamlegast veljið **einn af neðangreindum kostum fyrir 11. nóvember nk.** svo komist verði hjá frekari innheimtuaðgerðum:

1. Leggja inn á reikning nr. 0001-26-30057, kt. 660269-2669

Kennitala hins látna þarf að fylgja greiðslunni. Ef greitt er úr heimabanka skal einnig skrá nafn og kennitölu hins látna í skýringarsvæði og senda kvittun í tölvupósti úr heimabanka á netfangið fjarvarsla@tr.is.

2. Semja við Tryggingastofnun um endurgreiðslu

Hægt er að semja um að dreifa endurgreiðslu kröfu til allt að 12 mánaða frá stofnun hennar, t.d. með greiðslukortasamningi eða mánaðarlegum greiðsluseðlum í heimabanka. Mögulegt er að óska eftir greiðsludreifingu til lengri tíma en slíkri beiðni þurfa að fylgja upplýsingar um heildartekjur og eignastöðu greiðanda ásamt upplýsingum um aðrar aðstæður sem kunna að skipta máli.

Athygli er vakin á því að Tryggingastofnun er nú skylt að reikna vexti á eftirstöðvar kröfu hafi hún ekki verið greidd á 12 mánuðum frá stofnun hennar eða ekki verið samið um hana.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um skipti á dánarbúum nr. 20/1991 tekur dánarbú við öllum fjárhagslegum skyldum sem hvíldu á hinum látna.

Ef þú vilt semja um endurgreiðslu eða óskar frekari upplýsinga er þér velkomið að hafa samband við þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar í síma 560 4460 eða umboðsmenn um allt land. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið tr@tr.is.

Með kveðju,
Fjarreiðudeild Tryggingastofnunar

Leiðir til endurgreiðslu

1. Leggja inn á reikning nr. 0001-26-30057, kt. 660269-2669

Þegar greitt er fyrir annan aðila þarf kennitala þess sem greitt er fyrir að fylgja greiðslunni. Ef greitt er úr heimabanka skal skrá fyrstu tölustafi kennitölunnar í reitinn Tilvísun/Stutt skýring. Einnig þarf að skrá nafn og kennitölu í skýringarsvæði og senda kvittun í tölvupósti á netfangið fjarvarsla@tr.is.

2. Semja við Tryggingastofnun um endurgreiðslu

Hægt er að semja um að dreifa endurgreiðslu skuldarinnar til allt að 12 mánaða frá stofnun hennar, t.d. með frádrætti af bótum, greiðslukortasamningi eða greiðsluseðlum í heimabanka. Mögulegt er að óska eftir greiðsludreifingu til lengri tíma, en við mat á slíkri beiðni verður tekið mið af upplýsingum um heildartekjur, eignastöðu og aðrar aðstæður þínar.

Reglur er varða innheimtu ofgreiddra bóta

Samkvæmt meginreglu ber að endurgreiða ofgreiðslur innan 12 mánaða frá því að þær verða til. Heimilt er að draga allt að 20% af mánaðarlegum tekjutengdum bótum upp í kröfur en þó ekki lægri fjárhæð en 3.000 kr. Ef ekki næst að ljúka endurgreiðslu á 12 mánuðum með frádrætti af bótum má hefja aðra innheimtu samhliða.

Helstu ákvæði um ofgreiddar bætur og innheimtu þeirra eru í 55. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og IV. kafla reglugerðar um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags nr. 598/2009."

Dánarbú
Elvar Þór Valdimarsson
Hörðukór 2
203 Kópavogur



Reykjavík, 13.10.2011.


Efni: Beiðni um endurgreiðslu á ofgreiddum lífeyri.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur ofgreitt lífeyrisgreiðslur að upphæð kr. 40.667.- fyrir tímabilið september 2011 til dánarbús Elvara Þórs Valdimarssonar .

Óskað er eftir því að ofgreiddur lífeyrir verði endurgreiddur með því að greiða meðfylgjandi greiðsluseðil.

Vakin er athygli á því að ef sjóðfélagi lætur eftir sig maka á lífi þá á hann rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins


Regína Vilhjálmsdóttir

Hugleiðingar

- Af hverju þarf aðstandandi að bera dánarvottorð á milli stofnana?
- Af hverju þarf aðstandandi að afla bankagagna?
- Af hverju þarf að bera skattframtal á milli stofnana?
- Af hverju þarf að segja upp áskriftum?
- Af hverju er ekki hægt að segja upp tryggingum látins manns?

